

Ld.

292. Frumvarp

til laga um þóknun til vitna.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Nú sækir maður dómþing, stefndur eða óstefndur, til þess að bera vitni, og ber honum þá 50 auru þóknun fyrir hverja klukkustund, er hann tefst frá öðrum störfum vegna þingsóknar, þó eigi meira en 6 kr. um sólarhring.

2. gr.

Purfi vitnið að fara 10 km. á landi eða 5 km. á sjó, ber því 50 aurar í ferðakostnað fyrir hverja farna 10 km. á landi eða 5 km. á sjó.

3. gr.

Í sakamálum og almennum lögreglumálum skal þóknun greidd fyrirfram úr landssjóði, og fer um endurgjald hennar sem um annan málskostnað í þeim málum.

Í einkamálum greiðir sá gjaldið, er vitnaleiðslu krefst. Sje það eigi greitt fyrirfram, má taka það lögtaki samkvæmt lögum nr. 29, 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

4. gr.

Vitnadómari ákveður þóknun handa vitni, þegar er það hefir int af hendi vitnaskyldu sína í því þinghaldi, og bókar ákvörðun sína þar um í þingbók.